

Brynjar Atli Bragason

MS verkefni: Aukin lyfjafræðileg þjónusta í apótekum á Íslandi. Viðhorf leyfishafa til aukinnar lyfjafræðilegrar þjónustu í apótekum

Höfundur: Brynjar Atli Bragason fæddist 1. apríl árið 2000 og ólst upp í Njarðvík. Foreldrar hans eru þau Anna Birna Jamison og Bragi Hlíðar Sigurðsson. Hann útskrifaðist af fjölgreinabraut Fjölbautaskóla Suðurnesja árið 2019. Íþróttir hafa spilað stórt hlutverk í lífi Brynjar; hann spilar fótbolta með Breiðabliki og á að baki unglíngalandsleiki í bæði körfubolta og fótbolta. Brynjar hefur starfað í Reykjanesapóteki samhliða námi síðan árið 2017 og hóf nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands haustið 2019. Hann hefur haft sérstakan áhuga á klínískri þjónustu og stefnir á að nýta þekkingu sína til að efla þjónustuhlutverk lyfjafræðinga og stuðla að nýsköpun innan fagsins.



Stuttur útdráttur úr ritgerð: Íslenska heilbrigðiskerfið stendur frammi fyrir áskorunum, meðal annars vegna öldrun þjóðarinnar. Til að létta á álagi þarf að nýta lyfjafræðinga í apótekum betur. Víða erlendis veita lyfjafræðingar skilgreinda þjónustu, en hún er enn lítil hér á landi. Markmið rannsóknarinnar var að kanna viðhorf lyfsala á Íslandi til aukinnar lyfjafræðilegrar þjónustu í apótekum og meta hvaða tækifæri og áskoranir þeir sjá við innleiðingu. Rannsóknin byggði á megindlegum spurningalista. Niðurstöður sýndu að lyfsalar eru líklegir til að innleiða þjónusturnar í apótekin sín og telja þær helst geta aukið ánægju skjólstæðinga. Helstu áskoranir voru tímaskortur lyfjafræðinga, skortur á tölvukerfum og þörf á frekari þjálfun. Margt bendir til þess að nýta þurfi lyfjafræðinga betur til að takast á við þær áskoranir sem fyrir hendi eru í heilbrigðiskerfinu.